

58. LANDSPING JCI ÍSLANDS

ÞEMAÐ:
HUGREKKI

27. - 29. september 2019

VELKOMIN Á HÓTEL STRACTA Á HELLU

Umgengni

Vinsamlegast sýnið hótelinu og starfsfólki þess virðingu og vinsemd

Látum gott orð fara af JCI sem gestum

Engin Partý á herbergjum

Sýnum öðrum gestum virðingu, við erum ekki ein í heiminum

Ekkert utanaðkomandi áfengi

Skemmtum okkur vel

Ávarp landsforseta

Kæru hugrökku leiðtogar,

Senn líður að enn einum kaflaskiptum í þessari ævintýralegu vegferð. 100 dagar eru eftir af árinu, en tilefni er til þess að stoppa, staldra við og fagna tímamótum.

Hér er uppskrift af góðri landsþings-helgi, henni má auðvitað breyta og bæta eftir smekk, allra best er að notast við dass-mælieiningu en alltaf betra að hafa meira en minna af öllu:

þökkum fyrir fortíðina, lærdóm, reynslu og góðar minningar.

Byggjum í haginn fyrir framtíðina en verum óhrædd við ótroðna slóða.

Lifum umfram allt í núinu því það er það eina sem er raunverulegt.

Iðkum þakklæti, því það er svo hamingjuríkt.

Sýnum hvort öðru virðingu því að við lifum í okkar heimi og ómögulegt er að sjá heim annarra í fullkomnu samhengi.

Höfum jákvæð áhrif á hvort annað með umhyggju, trú, meðvitund, gleði og virkri hlustun.

Tökum áskorununum fagnandi því umfram allt eru þær leiðin fram á við.

Eigum áhugaverðar samræður, hlæjum og brosum, því það er svo gott að gleðjast.

Hvetjum áfram drauma, markmið og verkefni, að þau verði að veruleika og #Byrjumbara.

Tökum virkan þátt og veljum viðhorf okkar vel, því það speglar okkar upplifun.

Sköpum góðar minningar, því það er það besta við lífið.

Verið velkominn á 58. þing JCI Íslands.

Njótið vel helgarinnar,

Sjáumst í ræðustól, yfir kvöldverði eða í gufunni.

Ykkar,

Fanney forseti

Ávarp verkefnastjóra landsþings

Kæru félagar.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin á 58. landsþing JCI Íslands sem haldið er á Stracta Hótel á Hellu. Það er mikil áskorun að taka að sér að sjá um skipulagningu á viðburði sem þessum, en að sama skapi gefur það líka mikið af sér. Skipulagning landsþings er ekki eins manns verk og sendi ég mínar bestu þakkir til allra þeirra sem lagt hafa hönd á plóg á einhvern hátt við undirbúning og framkvæmd þingsins. Öflugt og traust bakland er ómetanleg auðlind sem ber að virða og varðveita og mun ég vera ævinlega þakklát fyrir að hafa haft góða að í þessu verkefni. Landsþingin eru ávallt fjölbreytt og bjóða upp á margt, hvort sem um er að ræða formlega og mikilvæga viðburði, námskeið sem veita nýja þekkingu og reynslu, eða einfaldlega fjör á léttum nótum og möguleikann á því að kynnast betur og njóta saman. Nú er komið að því að njóta afraksturs þessara margra mánaða vinnu og er það mín ósk og trú að í lok helgarinnar haldi ánægðir og hugrakkir einstaklingar áfram af stað út í lífið. Einstaklingar sem munu vera uppfullir af jákvæðri orku og státa af ógleymanlegum minningum.

Jóna Hörpudóttir, JCI Esju
Verkefnastjóri landsþings 2019



Ávarp Hótelsins

Stracta Hótel býður JCI Íslandi hjartanlega velkomið og hvetur alla til að njóta verunnar á hótelinu til fulls með öllu sem hún felur í sér.

Á hótelinu eru 148 herbergi og er það vel staðsett á Suðurlandi í nánd við allar helstu náttúruperlur svæðisins. Heitir pottar og sauna eru opin gestum hótelsins frá kl. 6 að morgni til miðnættis alla daga. Fallegar gönguleiðir eru í nágrenni hótelsins sem við hvetjum gesti til að nýta sér ásamt annarri fjölbreyttri afþreyingu á svæðinu, allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast í gestamóttöku hótelsins. Veitingastaður hótelsins er opinn frá kl. 11.30 – 22.00 alla daga ársins og hótélbarinn er með fulla opnun til kl. 23 eða lengur eftir fyrirfram ákveðnu samkomulagi við hópa.

Stracta Hótel og starfsfólk þess leggur áherslu á þægilegt andrúmsloft og góða þjónustu, verið ávallt velkomin.

HUGREKKI TIL AÐ TAKA ÁBYRGÐ

Það er mikilvægt fyrir þá sem gegna leiðtogastöðum, eða hafa hug á að verða leiðtogar, að taka sér tíma til að þróa leiðtogahæfni sína.

Í þessari vinnustofu beinum við sjónum að hugrekki, ábyrgð og leiðtogahæfni. Markmiðið er að svara því hvernig við getum öðlast hugrekki til að taka ábyrgð og láta gott af okkur leiða.

EddaCoaching býður markþjálfun sem er sérsniðin að þörfum leiðtoga. Markmiðið með markþjálfun EddaCoaching er að efla fólk til að verða leiðtogar með öflugt hugarfar og sterk kerfi. Með skapandi nálgun markþjálfunarinnar er unnt að takast á við áskoranir og setja sér markmið sem geta orðið að veruleika. Edda trúir því stöðugt að með því að taka ábyrgð á sjálfum okkur, eflumst við og getum þannig eft aðra. Þannig verðum við góðir leiðtogar! Framtíðarsýn Eddu er að með fjárhagslegri valdeflingu skapist tækifæri til að umbylta ríkjandi menningu.

RÆÐUNÁMSKEIÐ

Þetta ræðunámskeið er hraðferð yfir hvað gagnlegt er að hafa í huga í rökræðum þar sem tími til þess að koma skilboðum sínum á framfæri, svo áheyrendur sannfærist, er naumur.

Við munum æfa óundirbúna mínútnaræður um efni valið á staðnum sem upphitun, í kjölfar upprifjunar.

Að því búnu fara fram rökræðukeppnir þar sem keppendur fá 15 mínútur til þess að undirbúa ræður eftir að hafa verið tilkynnt umræðuefnið. Á þessu námskeiði verður tekið mið af því hvað er metið í stigagjöf alþjóðlegra ræðukeppna JCI við dómgæslu og endurgjöf að ræðum loknum.

Kvæðakútur

Að venju er óskað eftir botnum í Kvæðakútinn og mun sá eða sú sem á sigurbotninn fá nafn sitt á hinn forláta, samnefnda, grip og fá þann heiður að koma með fyrripartinn að ári. Hvetjum við fólk til þess að skila inn tillögum undir dulnefni til þess að tryggja hlutleysi dómnefndar.

Fyrripartur Kvæðakúts árið 2019 er svohljóðandi:

*Á hugrekkis flug við höldum nú
og hátíðarskapi flöggum.*



omnom



CHOCOLATE
REYKJAVÍK



SKÓGASAFN
Skógar Museum

Styrktaraðilar

Omnom súkkulaði

Einn tveir og elda

Eldum rétt

Lín Design

Ísbúð Vesturbæjar

Gfit

Sjávargrillið

Listasafn Reykjavíkur

Skógarsafn

Hótel Ör


Óskabönd

Keiluhöllinn

Lindex

Gísli Gunnarsson Bachman

Anna Pálsdóttir



LINDEX



HANDMADE IN ICELAND



Dagskrá þingsins

Fimmtudagur 26. september

17:00 – 22:00 Móttaka

20:00 – 23:00 Afslappaður hittingur á hótél barnum

Föstudagur 27. september

09:00 – 17:00 Móttaka

09:00 – 12:00 1. Þingfundur

12:00 – 13:00 Hádegismatur

13:00 – 14:30 Caucus (Framboðsræður til landstjórnar)

14:30 – 17:00 2. Þingfundur

17:00 – 18:00 Frjáls tími 1

18:00 – 19:00 Kvöldmatur

19:00 – 20:00 Fyrirpartý aðildarfélaga

20:00 – 01:00 Þemapartý

Laugardagur 28. september

08:00 – 10:00 Morgunmatur

10:00 – 13:00 (3. Þingfundur) Námskeið

13:00 – 14:00 Hádegismatur

14:00 – 17:00 Námskeið

13:30 – 17:00 Senatora- og makaferð

17:00 – 19:30 Frjáls tími

19:30 – 20:00 Kokteill í boði landsforseta JCI Íslands

20:00 – 24:00 Hátíðarkvöldverður

24:00 – 01:00 Náttfatapartý

Sunnudagur 29. september

08:00 – 09:30 Morgunmatur

09:30 – 12:00 Útskráning af hóteli

10:00 – 11:30 Spurningar og spjall

10:00 – 12:00 4. Þingfundur (Ef þörf krefur)

